


—
BÆN OG FAÐIR VOR

Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga!
Engið, fjöllin, áin þín,
– yndislega sveitin mín! –
heilla mig og heim til sín
huga minn úr fjarlægð draga.
Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga!

Sigurður Jónsson



—
MOLDUN

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Foersom - Sb. 1871 - Sveinbjörn Egilsson

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

Matthías Jochumsson - P. C. Krossing

—
BLESSUN

—
EFTIRSPIL

Megi gæfan þig geyma,
megi Guð þér færa sigurlag.
Megi sól lýsa þína leið,
megi ljós þitt skína sérhvern dag.
Og bænar bið ég þér,
að ávallt geymi þig Guð í hendi sér.

Texti: Bjarni Stefán Konráðsson



Prestur: Sr. Karen Hjartardóttir
Organisti: Guðlaug Hestnes
Söngur: Samkór Hornafjarðar
Umsjón: Örn Arnarson

*Fjölskyldan þakkar auðsýndan hlýhug og samúð og býður viðstöddum
að þiggja veitingar í Ekrunni að athöfn lokinni.*



Jóhann Einarsson



*Fæddur 30. júlí 1937
Dáinn 27. febrúar 2024*

*Útför frá Hafnarkirkju
föstudaginn 8. mars 2024*

FORSPIL

SIGNING OG BÆN

Kallið er komið,
komin er nú stundin,
vinaskilnaðar viðkvæm stund.
Vinirnir kveðja
vininn sinn látna,
er sefur hér hinn síðsta blund.

Margs er að minnast,
margt er hér að þakka.
Guði sé lof fyrir liðna tíð.
Margs er að minnast,
margs er að sakna.
Guð þerri tregatárin stríð.

Far þú í friði,
friður Guðs þig blessi,
hafðu þökk fyrir allt og allt.
Gekkst þú með Guði,
Guð þér nú fylgi,
hans dýrðarhnoss þú hljóta skalt.

Grátnir til grafar
göngum vér nú héðan,
fylgjum þér, vinur. Far vel á braut.
Guð oss það gefi,
gladdir vér megum
þér síðar fylgja' í friðarskaut.

Sb. 1886 - Valdimar Briem

RITNINGARLESTUR

Undir háu hamrabelti
höfði drúpir lítil rós.
Þráir lífsins vængja víddir
vorsins yl og sólarljós.

Ég held ég skynji hug þinn allan
hjartasláttinn rósinn mín.
Er kristallstærir daggardropar
drjúpa milt á blöðin þín.

Æsku minnar leiðir lágu
lengi vel um þennan stað,
krjúpa niður kyssa blómið
hversu dýrðlegt fannst mér það.

Finna hjá þér ást og unað
yndislega rósinn mín.
Eitt er það sem aldrei gleymist,
aldrei það er minning þín.

Friðrik Jónsson / Guðmundur Halldórsson

RITNINGARLESTUR

Nú sefur jörðin sumargræn.
Nú sér hún rætast hverja bæn
og dregur andann djúpt og rótt
um draumabláa júlínótt.

Við ystu hafsbrún sefur sól,
og sofið er í hverjum hól.
Í sefi blunda svanabörn
og silungur í læk og tjörn.

Á túni sefur bóndabær,
og bjarma' á á þil og glugga slær.
Við móðurbrjóstinn börnin fá
þá bestu gjöf sem lífið á.

Og áin líður lygn og tær,
og lindin sefur perluskær.
Í dvala hníga djúpin hljóð
og dreymir öll sín týndu ljóð.

Í hafi speglast himinn blár.
Sinn himinn á hvert daggartár.
Í hverju blómi sefur sál,
hvert sandkorn á sitt leyndarmál.

Nú dreymir allt um dýrð og frið
við dagsins þögla sálarhlið,
og allt er kyrrt um fjöll og fjörð,
og friður drottins yfir jörð.

Davíð Stefánsson

GUÐSPJALL

Húmar að kveldi, hljóðnar dagsins ys,
hnígur að ægi gullið röðulblys.
Vanga minn strýkur blærinn blíðri hönd,
og báran kveður vögguljóð við fjarðarströnd.
Ég er þreyttur, ég er þreyttur,
og ég þrái svefnsins fró.
Kom, draumanótt, með fangið fullt af friði og ró.

Syngdu mig inn í svefninn ljúfi blær.
Sorgmæddu hjarta er hvíldin jafnan vær.
Draumgyðja ljúfa, ljá mér vinarhönd,
og leið mig um þín töfraglæstu friðarlönd.
Ég er þreyttur, ég er þreyttur,
og ég þrái svefnsins fró.
Kom, draumanótt, með fangið fullt af friði og ró.

Forster / Jón frá Ljárskógum

MINNINGARORÐ

Syngdu mig heim í heiðardalinn
heimþráin seiðir og bráðum kemur vor.
Þýðvindar blása um bláfjallasalinn
blómskrúði vefjast mín gömlu æskuspor.
Syngdu mig heim yfir sólgullnar leiðir,
sveitin mín bíður í kvöldsins roðaglóð.
Dalurinn ljúfi sem lokkar og seiðir
laðar mig brosandir heim á forna slóð.

Syngdu mig heim er grænka grundir
gefðu mér bernskunnar unaðsdraum á ný.
Þá munu bíða mín fagnaðarfundir
fögur er sveitin mín iðjagræn og hlý.
Brosandi vordagar bíða mín heima
burt vil ég halda af grárri, kaldri strönd.
Dýrasta ódáins-unaðinn geyma
æskunnar broshýru sólskinsdraumalönd.

Jón Jónsson frá Ljárskógum / James Bland